

## AUGLÝSING

frá landskjörstjórn um breytingu á kjördæmissætum  
í Norðvesturkjördæmi og Suðvesturkjördæmi.

*Landskjörstjórn gerir kunnugt:* að í ljósi fjölda kjósenda á kjörskrá að baki hverju þingsæti við nýafstaðnar alþingiskosningar 25. apríl 2009 skuli við næstu almennu alþingiskosningar vera átta þingsæti í Norðvesturkjördæmi, sjö kjördæmissæti og eitt jöfnunarsæti, en þrettán þingsæti í Suðvesturkjördæmi, ellefu kjördæmissæti og tvö jöfnunarsæti, sbr. 5. mgr. 31. gr. stjórnarskrárinnar, nr. 33/1944, og 9. gr. laga um kosningar til Alþingis, nr. 24/2000.

*Reykjavík, 4. maí 2009.*

**Ástráður Haraldsson.**

**Bryndís Hlöðversdóttir.**  
**Hrafnhildur Stefánsdóttir.**

**Hervör Þorvaldsdóttir.**  
**Þórður Bogason.**

---

*Ásmundur Helgason.*